



Alþingi
Erindi nr. P 139/885
komudagur 10.12.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10.12.2010

1011010SA GB
Málalýkill: 401

Efni: Umsögn um frv. til laga um virðisaukaskatt, 208. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. desember, þar sem óskað er umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál. Af hálfu sambandsins er gerð athugasemd við það hve stuttur frestur er veittur til umsagnar um málið og hefur því ekki gefist tími til að skoða annað en afmarkaða þætti þess. Af hálfu sambandsins eru gerðar athugasemdir við 11. og 12. gr. frumvarpsins.

1. Athugasemd við 11. gr.

Að áliti sambandsins er það með öllu óásættanlegt að c.-liður 11. gr. frumvarpsins, sem felur í sér afnám endurgreiðslukerfis vegna húshitunar, verði samþykktur án þess að jafnframt liggi fyrir ákvörðun um það hvernig framtíðarfyrirkomulagi verði háttað varðandi stuðning til húshitunar. Nánar tiltekið felur tillagan í sér afnám 4. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt, sem er svohljóðandi:

„Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og/eða rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns þannig að álagður virðisaukaskattur að frádreginni endurgreiðslu nemi eigi hærrí fjárhæð en 11% af vagnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á kílóvattstund. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fenginni tillögu iðnaðarráðherra, nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.“

Af skýringum við frumvarpsgreininna má ráða að áform séu uppi um að styrkveitingar til húshitunar verði til framtíðar litið háðar ákvörðun iðnaðarráðherra. Ekkert virðist hins vegar fast í hendi um hvernig þeim stuðningi verður háttað og hvenær hann kann að koma til framkvæmda. Fjallað var um frumvarpið á fundi stjórnar Sveitarfélaga á köldum svæðum hinn 1. desember sl. Stjórnin samþykkti þar svohljóðandi ályktun:

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnar Íslands að fella niður endurgreiðslur virðisaukaskatts á húshitunarkostnaði, eins og stefnt er að í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana) á þingskjali 227 – 208. mál, lið 11c. Verði frumvarpið samþykkt mun breytingin ein og sér leiða til hækkunar á húshitunarkostnaði á svokölluðum köldum svæðum. Stjórn SSKS leggur áherslu á að komi til þessarar hækkunar á húshitunarkostnaði verði niðurgreiðslur auknar að sama skapi. Stjórnin bendir á að nú þegar er



húshitunarkostnaðar í dreifbýli og þéttbýli á landsbyggðinni tvöfaldur til þrefaldur við það sem kostnaðurinn er á hitaveitukynntum landsvæðum."

Sambandið tekur undir ályktunina og leggst því eindregið gegn því að 4. mgr. 42. gr. laganna falli brott fyrr en náðst hefur niðurstaða um það hvernig stuðningi til húshitunar verður háttað.

2. Athugasemd við 12. gr.

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðis nr. X við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, verði framlengdur um eitt ár. Um er að ræða tímabundna heimild til endurgreiðslu 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

Sveitarfélögin hafa árum saman eða frá árinu 2000, mátt búa við það ójafnræði að þessi tímabundna endurgreiðsluheimild nær ekki til almenningsvagna. Á sama tíma hafa sveitarfélögin ítrekað kallað eftir breytingum á lagaákvæðum um skattlagningu ríkissjóðs á almenningsamgöngum. Rekstur almenningsamgangna er ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa hins vegar axlað samfélagslega ábyrgð með rekstri almenningsamgangna þar sem grundvöllur er fyrir slíkum rekstri. Tímabært er að ríkið taki þátt í því verkefni með sveitarfélögunum. Fyrsta skrefið í því væri að láta af ranglátum álögum með því að láta umrætt bráðabirgðaákvæði einnig ná til almenningsvagna.

3. Aðrar ábendingar

Sambandið telur ástæðu til að minna á að starfshópur sem samgönguráðherra skipaði skilaði skýrslu í júlí 2008 þar sem m.a. var lagt til að álögur á almenningsamgöngum í þéttbýli yrðu endurskoðaðar. Fyrirtæki sveitarfélaga sem sinna almenningsamgöngum fá nú endurgreidd 80% af olúgjaldi en hins vegar fá þau ekki endurgreiddan VSK sem lagður er á olúgjaldið fyrir endurgreiðslu. Raunveruleg endurgreiðsla olúgjaldsins er því aðeins um 53% þegar tekið er tillit til greidds VSK. Sambandið hefur kallað eftir leiðréttingu hvað þetta varðar og hvetur Alþingi til að skoða þetta mál í tengslum við III. kafla frumvarpsins.

Loks skal tekið fram að Samband íslenskra sveitarfélaga gaf fyrr á þessu ári út skýrslu um VSK-umhverfi sveitarfélaga þar sem bent er á að brýn þörf er á því að endurskoða allmörg atriði í núverandi lögum sem snúa að rekstri sveitarfélaga. Einkum eru þar lagðar til eftirfarandi breytingar:

- A. Gerð verði breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem feli í sér að sveitarfélög fái framvegis 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna fráveituframkvæmda. Breytingin taki einnig til virðisaukaskatts sem sveitarfélögin sannanlega greiddu vegna slíkra framkvæmda eftir að stuðningur skv. lögum nr. 53/1995 féll niður.
- B. Gerð verði breyting á III. kafla reglugerðar nr. 248/1990 sem feli í sér að endurgreiða skuli framvegis virðisaukaskatt sem sveitarfélög greiða vegna stofnkostnaðar slökkvi- og björgunarbúnaðar, þar með talið vegna leigu eða kaupa á slökkvibifreiðum og vegna þjálfunar. Breytingin taki einnig til




beiðna sem eru óafgreiddar á grundvelli samkomulags frá 13. desember 1996.

- C. Könnuð verði tilefni til breytinga á álagningu og innheimtu vsk. af aðföngum til rekstrar almenningsamgangna sveitarfélaga. Sú vinna haldist í hendur við aðrar breytingar sem gerðar kunna að verða á lagagrundvelli almenningsamgangna og að teknu tilliti til EES-reglna um ríkisaðstoð.
- D. Gengið verði til gagn Gerrar endurskoðunar á skattframkvæmd, hvað varðar meðferð endurgreiðslubeiðna sveitarfélaga. Með endurskoðun verði tryggt að heimildir til endurgreiðslna og annarra hliðstæðra ákvarðana, byggist á eðlilegri lögskýringu í samræmi við tilgang hlutaðeigandi laga- og reglugerðarákvæða. Orðalag þessara ákvæða verði yfirfarið með tilliti til réttarpróunar og hugtakanotkunar í öðrum lögum og með það að leiðarljósi að fækka örðugum álitaefnum.

Af hálfu sveitarfélaga er kallað eftir því að vinna verði nú þegar hafin við endurskoðun virðisaukaskattslaganna þar sem tekið verði tillit til framangreindra tillagna og athugasemda, með það markmið að reglur laganna um endurgreiðslur virðisaukaskatts til sveitarfélaga verði sambærilegar við það sem tíðkast í nágrannaríkjunum.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri